

Sp.

27. Tillaga til þingsályktunar

[27. mál]

um stærð og gerð smábúðarhúsa.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir fjárhagsráð að heimila þeim, sem fengið hafa leyfi til að byggja smábúðarhús skv. auglýsingu ráðsins frá 10. sept. 1951, að hafa a. m. k. 2,5—3 metra ris á húsunum og að afturkalla nú þegar kærur, sem stofnað hefur verið til á hendur þeim, sem hafa byggt hærri ris á hús sín en 1,5—2 m, eins og ráðið hefur ákveðið.

Jafnframt leggi ríkisstjórnin fyrir fjárhagsráð að endurskoða þær reglur, sem það hefur sett um stærð og gerð smábúðarhúsa, og verði sú endurskoðun framkvæmd að fengnum tillögum frá félagsamtökum húsameistara og annarra byggingarmanna.

Greinargerð.

Síðan fjárhagsráð var knúið til þess seint á s. l. ári að slaka nokkuð á því banni við byggingu íbúðarhúsa, sem reynt var að koma á í skjóli fjárhagsráðslaganna, hafa leyfisveitingar til íbúðarhúsabygginga að mestu leyti verið einskorðaðar við smábúðarhús, innan við 80 fermetra að gólfleti. Eru nú nær 900 hús af þessari stærð í byggingu, þar af helmingur í Reykjavík.

Fjárhagsráð ákvað í fyrstu, að rishæð slíkra húsa mætti ekki vera nema 1,5 m, en neyddist síðar til að hækka það lágmark í 2 m.

Nú hafa ýmsir þeirra, sem eru að byggja þessi hús, leiðzt til þess að nota það efni, sem fjárhagsráð sjálft hefur úthlutað þeim til bygginganna, þannig, að það skapar þeim meira húsrúm en fjárhagsráð hefur ákveðið að það skuli hrökkva til, og tekst mönnum þetta með því móti að hafa ris húsa örlítið hærri en fjárhagsráð hefur samþykkt. Fyrir þetta athæfi hefur fjárhagsráð kært þá, og vofa nú sektir eða fangelsi yfir nokkrum tugum eða hundruðum manna, sem hafa neitað að saga 1—2 feta búa af því sperruefni, sem þeim hefur verið skammtað og þeir hafa keypt afmælt í ákveðnum lengdum. Það varðar nú eftir þessu við lög — og liggja við sektir eða fangelsi — að neita að gera dýrmætt byggingarefni ónýtt í höndum sér.

Þar sem þessir menn virðast aðeins vera að nota sem bezt það byggingarefni, sem fjárhagsráð hefur skammtað þeim, til þess að skapa sér aukið húsnæði, — en það er í betra samræmi við yfirlýsttan tilgang laganna um fjárhagsráð en framferði ráðsins sjálfs, sem kærir þá fyrir þetta athæfi, — er hér lagt til, að allar slíkar kærur verði þegar í stað niður felldar.

Fjárhagsráði munu hafa borizt áskoranir úr ýmsum áttum um að breyta reglunum um rishæð og gerð smábúðarhúsa, m. a. frá byggingarnefnd Reykjavíkurbæjar. En það hefur allt komið fyrir ekki. Þar sem mikill meiri hluti þeirra íbúðarhúsa, sem nú er leyft að byggja í landinu, er háður svo einstrengingslegum umdeildum reglum um stærð og gerð, virðist full ástæða til þess, að þær reglur verði endurskoðaðar að fengnum tillögum sérfróðra manna.